



Landssamband æskulýðsfélaga

19. fundur framkvæmdastjórnar 2008 – 2009

Haldin á skrifstofu LÆF, Hinu Húsinu

13. maí 2009

Mættir: Jón Þorsteinn Sigurðsson (JPS), Pálína Björk Matthíasdóttir (PBM) og Rakel Brynjólfsdóttir (RB). Auk þess sat Hildur Tryggvadóttir Flóvenz framkvæmdastjóri fundinn. Sindir Snær Einarsson (SSE) boðaði forföll.

Fundur settur: 12:00

Eftirfarandi fór fram á fundinum:

1. Fundargerð s.l. fundar lesin upp og samþykkt

JPS fór yfir fundargerðina og hún var samþykkt án athugasemda.

2. Framkvæmdastjóri LÆF

HTF sagði frá því að Martin Uthaug, sjálfboðaliðinn sem ætlaði að byrja á mánudaginn var muni ekki byrja allveg strax þar sem hann eignaðist barn þann 11. maí s.l.

HTF lagði til að stjórn myndi setja einhverskonar reglur um hvernig við auglýsum námskeið erlendis til aðildarfélaga og hvernig ferlið skal vera. JPS lagði til að þetta yrði gert í gegnum heimasíðuna. PBM sagði að best væri að koma á fót alþjóðanefnd sem færi með þessi mál. Samþykkt að HTF skoðaði málið og ræddi þetta áfram við nýja stjórn.

3. Alþjóðamál

HTF fór yfir stöðuna á Youth eventinu sem European Youth Forum (YFJ) stendur fyrir í Reykjavík daganna 25.-27. maí n.k. Undirbúningur gengur vel. Vantar tvo til þrjá sjálfboðaliða til að hjálpa til við skráningu. RB tilbúin að taka skráningu á þriðjudagsmorgninum. HTF heldur áfram að undirbúa og finna sjálfboðaliða.

HTF sagði frá COMEM fundi YFJ sem hún sótti síðustu helgi. Helstu niðurstöður af fundinum voru þær að nýr framkvæmdastjóri var kosinn. HTF fór í gegnum ástæður fyrir því hvaða frambjóðanda hún kaus en hún kaus Guiseppe Porcaro en hann var að lokum réttkjörinn framkvæmdastjóri félagsins. Auk þess sat HTF vinnuhópa um starfsnema og nýtt millilandaverkefni um atvinnumáls sem YFJ hyggst koma á laggirnar.

PBM sagði frá ráðstefnu sem hún sótti í Gerorgíu í lok apríl s.l. Fjallaði ráðstefnan um möguleika á verkefnum í Georgíu. PBM lagði til að hugmyndin sem um verkefnið yrðu kynntar fyrir aðildarfélögum LÆF og hún væri tilbúin að taka það að sér. JPS benti á að hugsanlega væri þetta efni til að kynna á fulltrúaráðsfundi. Ákveðið að ganga í málin og finna hentustan tíma fyrir þetta.

4. Sambandsþing LÆF

Fjallað var um stöðuna á undirbúningi sambandsþingsins. Ákveðið að stjórnarmenn skiptu á milli sín aðildarfélögum og könnuðu framboð í stjórn. HTF mun halda utan um skráningu og minna aðildarfélög á að skipa fulltrúa sinn í fulltrúaráð.

Lagt var til að Erlendi Kristjánssyni deildarstjóra í Menntamálaráðuneytinu yrði boðið til fundarins.

5. Bréf og önnur skjöl sem borist hafa og þarfnast afgreiðslu

Bréf hafði borist frá Menntamálaráðuneyti Tékka um boð á youth event formennsku tékka í ráðherraráði Evrópusambandsins dagana 2.-5. júní. LÆF er boðið að senda tvo fulltrúa og er fargjald, gistin og uppihald greitt. JPS lagði til að HTF og Unnur Hjálmarsdóttir (UH) frá Urkí færu fyrir hönd LÆF. Var það samþykkt og mun HTF kanna hvort UH kemst og gera viðeigandi ráðstafanir.

6. Önnur mál

- a) PBM spurði hver væri staðan á stefnu í æskulýðsmálum á Íslandi. Hún sagði frá því að það væri mikilvægt fyrir LÆF að vera vakandi yfir þessum málum og félagið ætti að þrýsta á stjórnvöld að setja fram stefnu í æskulýðsmálum. Hún sagði frá því að hentugsta leiðin að stefnunni væri sú að listaðu yrði hvaða vandamálum og ógunum samfélagið stæri frami fyrir og stefnan tæki á því hvernig ungt fólk gæti komið að því að leysa þau vandamál. Nokkur umræða skapaðist um málið og var stjórnin jákvæð í garð þess að pressa á stjórnvöld að forma stefnu í æskulýðsmálum.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 12:51

Fundargerð ritaði:

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz